

Fundargerð 10. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Mánudaginn 4. desember kl. 17:30 var haldinn tíundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í Grafarvogi.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Ráðningaferli og ráðning nýs framkvæmdastjóra

Auglýst var staða framkvæmdastjóra á Alfred.is og heimasíðu félagsins. Fengin var utanaðkomandi aðstoð frá Hagvangi við ferlið. Gengið var frá ráðningu framkvæmdastjóra og tilkynnt um það á heimasíðu félagsins.

Samstarfsaðilar

Farið var yfir þau tilboð sem áhugasamir aðilar um samstarf vegna sýninga HRFÍ sendu inn. Vinna heldur áfram.

Aukin réttindi sýningadómara

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum:

- Daníel Örn Hinriksson: Labrador retriever
- Herdís Hallmarsdóttir: Welsh corgi pembroke
- Lilja Dóra Halldórsdóttir: Pomeranian (German spitz)
- Sóley Halla Möller: American cocker spaniel

Stjórn samþykkti réttindin og óskar þeim öllum til hamingju.

2. NKU fundur í nóvember

Erna upplýsir um það sem rætt var á NKU fundi í nóvember, fundurinn var haldinn á Teams.

3. Umsókn Smáhundadeildar um deildarsýningu

Óskað var eftir umsögn frá sýningastjórn. Að fenginni umsögn sýningastjórnar er sýningin samþykkt.

4. Gjaldskrár breytingar

Skoðuð var þróun vísitölu frá nóvember 2022 til nóvember 2023, en sú breyting er 7,4%. Tekin var ákvörðun um að hækka alla liði gjaldskrár félagsins um u.þ.b. 7,4%. Einstaka liðir hækka þó meira, eins og eigendaskipti og meistaratitla umsóknir á pappír, en gjaldlaust er að ganga frá eigendaskiptum og umsóknum um titla á Hundavef. Einnig var tekin ákvörðun um að skráning á hundasýningar verður einungis í gegnum hundavef hér eftir.

5. Augnskoðanir 2024

Búið er að setja upp drög að dagskrá með núverandi dýralæknum að þremur skoðunum. Verið er að skoða dagsetningar fyrir fjórðu skoðunina og hvort fenginn verður annar dýralæknir í þá skoðun, sem auka mun fjölbreytni og val fyrir félagsmenn.

6. Samstarfsaðilar

Rætt var um þau tilboð sem félaginu bárust, farið verður í áframhaldandi vinnu um frekari viðræður.

7. Erindi frá DÍF, fylgiskjal 22/23

Erindi barst frá DÍF varðandi hvort félagið hafi afhent gögn um íslenska fjárhundinn. Skrifstofa hefur ekki afhent nein gögn til utanaðkomandi aðila.

8. Erindi frá DÍS, fylgiskjal 25/23

Fyrirspurn á ýmsum reglum félagsins barst frá DÍS.

9. Fyrirspurn frá félagsmanni vegna rússneskra ættbóka, fylgiskjal 21/23

Leitað var til klúbbanna á Norðurlöndunum. Eins og staðan er í dag þá eru þeir ekki að taka við ættbókum frá Rússlandi og er það ekki á áætlun hjá þeim á næstunni. Ákvörðun tekin um að halda í það líka hér og vera samstíga NKU samstarfslöndum okkar.

10. Falsaðar undirskriftir á eigendaskiptum, fylgiskjöl 23a-d/23

Skrifstofa sendi stjórn erindi varðandi fölsun undirskrifa á eigendaskiptum. Stjórn sendir erindið áfram til laganefndar til umsagnar og mögulega þarf að útbúa kæru til lögreglu.

11. Seinagangur í umsóknum um veiðipróf TH 7

Engar umsóknir hafa borist frá veiðiprófanefnd í tegundahópi 7 um veiðipróf ársins 2024.

Stjórn sendir fyrirspurn á veiðiprófanefnd.

12. BOAS mál

Málið stendur enn hjá dýralæknunum, ákveðið að taka stöðuna. Erna sendir fyrirspurn.

13. Húnsæðismál

a. Gólf

Gólf framkvæmdir hófust í dag, þeir áætla 2-3 vikur í verkið.

b. Umgengnis reglur

Klára þarf að vinna umgengnisreglur fyrir sal félagsins fyrir áramót.

c. Hurðamál

Er í vinnslu, verið er að skoða ýmsa möguleika.

d. Viðgerðir á þaki

Er í vinnslu.

e. Gjaldskrá

Nú eru framkvæmdir á gólfi sem mun bæta hljóðvist til muna og auka notagildi salarins til muna.

Lagt til að hækka gjaldskrá fyrir salinn.

Lagt til að aðeins sé hægt að bóka salinn 3 mánuði fram í tímann að undanskyldu þegar deildir félagsins ætla að bóka salinn fyrir deildarsýningar.

14. Póstur frá Fuglahundadeild, DESÍ & Vorstehdeild, fylgiskjöl 24a-b/23

Erindi barst frá deildunum varðandi val á fulltrúa HRFÍ á veiðiprófum, stjórn sammælist um að fá álit frá dómara ráði.

15. Erindi frá hundaeiganda vegna fóðursamnings, fylgiskjal 27/23

Þar sem ekki er um fóðursamning félagsins að ræða þá getur félagið ekki haft milligöngu í þessu máli.

16. Önnur mál

Staðan á skrifstofunni rædd.

Uppskeruhátíð félagsins, ákveða þarf miðaverð og byrja sölu á miðum, uppskeruhátíðarnefnd sér um skipulagningu og verður í sambandi við skrifstofu í tengslum við miðasölu.

Fyrirspurn barst frá vinnuhundadeild varðandi dómara í Rallý hlýðni, ákveðið var á fundi stjórnar þann 4. júlí síðast liðinn að samþykktir voru fjórir dómara í Rallý hlýðni, þær Andrea Björk Hannesdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir, Silja Unnarsdóttir og Þórhildur Bjartmarz.

Stjórn tekur ákvörðun um að félagið muni frá og með áramótum gefa BOS rósettur á sýningum félagsins.

Stjórn tekur ákvörðun, í samráði við nýjan framkvæmdastjóra, um að frá og með áramótum muni skrifstofa félagsins vera einnig opin á föstudögum frá kl. 10-13.

Fundi slitið kl. 20:45